



Svæðisskipulagsnefnd höfuðborgarsvæðisins

## Fundargerð

71. fundur svæðisskipulagsnefndar höfuðborgarsvæðisins var haldinn föstudaginn 25. nóvember 2016 kl. 13:30 á skrifstofu SSH, Hamraborg 9, Kópavogi.

Mættir:

**Reykjavík:**

Hjálmar Sveinsson

**Kópavogsbær:**

Hreiðar Oddsson

**Hafnarfjarðarbær:**

Borghildur Sturludóttir

**Garðabær:**

Sigurður Guðmundsson og Steinþór Einarsson

**Mosfellsbær:**

Bryndís Haraldsdóttir og Ólafur Ingi Óskarsson

**Seltjarnarnesbær:**

**Kjósarhreppur:**

G. Oddur Víðison

Halldór Halldórsson og Ása Richardsdóttir boðuðu forföll. Hrafnkell Á. Proppé svæðisskipulagsstjóri höfuðborgarsvæðisins ritaði fundargerð.

Formaður, Hjálmar Sveinsson, setti fund og stýrði.

### 1. Borgarlínan – afrakstur vinnustofu og næstu skref / málsnr. 1510007

Lilja G. Karlsdóttir, samgönguverkfræðingur og samstarfskona COWI, greinir frá afrakstri vinnustofu COWI um Borgarlínu og greinir frá næstu skrefum. Rætt um næstu skref til að fullgera aðgerðir 2.1.1. og 2.2.2 í svæðisskipulaginu sem miða að því að binda legu Borgarlínu og staðsetningu stöðva í aðalskipulagi sveitarfélaga.

*Niðurstaða:*

*Svæðisskipulagsnefnd þakkar COWI fyrir velheppnaða vinnustofu og gagnlega úrvinnslu. Nefndin samþykkir að hefja undirbúning á skipulagsferli við að binda Borgarlínu í aðalskipulög sveitarfélaga.*

### 2. Reykjavík - aðalskipulagsbreyting, Norðlingaholt / málsnr. 1610001

Tillaga á vinnslustigi skv. 2. mgr. 30. gr. skipulagslaga að breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 2010 – 2030.

Tillagan felst í því að gerðar eru breytingar á landnotkun aðalskipulags Reykjavíkur 2010 – 2030 þannig að athafnasvæði er breytt í íbúðasvæði. Breytingin gerir ráð fyrir að hægt sé að fjölga íbúðum í Norðlingaholti um 200 frá því sem nú er, á móti fækka heimildum um uppbyggingu atvinnuhúsnæðis. Skv. ferðamyndunarjöfnu

fækkar ferðum lítillega við þessa breytingu þar sem atvinnuhúsnæði dregur almennt meiri umferð að sér en íbúðabygging.

Svæðið er þegar skipulagt og því innan vaxtarmarka. Í svæðisskipulagi er ekki gerð krafa um ákveðna skiptingu landnotkunar innan vaxtarmarka. Sett er markmið um að uppbyggingu íbúabyggingar sé beint á miðkjarna og samgöngumiðuð svæði. Norðlingaholtið er ekki skilgreint sem miðkjarni og fátt sem bendir til þess að það verði samgöngumiðuð svæði í framtíðinni. Í því samhengi er rétt að benda á að 200 íbúðir er mjög lítil hluti af heildar íbúðum á höfuðborgarsvæðinu og Reykjavíkurborg hefur verið að fjölga íbúðum á miðkjörnum og svæðum sem teljast samgöngumiðuð eða eru líkleg til að verða það í framtíðinni.

*Niðurstaða:*

*Svæðisskipulagsnefnd gerir ekki athugasemdir við tillögudrög að breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030 vegna breyttrar landnotkunar við Norðlingaholt.*

### **3. Garðabær – endurskoðun aðalskipulags / málsnr. 1610005**

Forkynning á endurskoðun aðalskipulags Garðabæjar 2016 – 2030 skv. 2. mgr. 30. gr. skipulagslaga.

Ein helsta forsendur skipulagstillögunnar er spá um þróun mannfjöldans. Þar er vísað til eigin framreikninga og þeir bornir saman við fyrri framreikninga og mannfjöldaspá Hagstofu Íslands. Ekki er vísað til mannfjöldaspár höfuðborgarsvæðisins sem hefur legið til grundvallar svæðisskipulags og þróunaráætlunar. Mannfjöldaspá höfuðborgarsvæðisins er öllu varfærnari en framreikningar aðalskipulags Garðabæjar en miðgildið fyrir Garðabæ gerir ráð fyrir um 17.000 íbúum í lok skipulagstímabilsins (2030) í stað 21.500. Rétt er að benda á að um framreikninga er að ræða einstaka sveitarfélög geta haft áhrif tilflutning íbúa umfram það sem verið hefur með auknu lóðaframboði. Einnig bíður mannfjöldaspá höfuðborgarsvæðisins uppá upplýsingar um þróun aldursdreifingu í einstaka sveitarfélögum sem ætti að koma að góðum notum við endurskoðun aðalskipulags.

Í tillögunni er verið að vinna með breytingar á eftirfarandi skipulagsþáttum sem hafa mikið svæðisbundið gildi skv. töflu 3 (málsmeðferð einstakra þátta svæðisskipulagsins eftir svæðisbundnu mikilvægi):

Lega hágæðakerfis almenningsamgagna, Borgarlína. Sett er fram tillaga að leið Borgarlínu og tveimur stöðvum. Nú er verið að vinna að heildstæða tillögu að legu Borgarlínu á öllu höfuðborgarsvæðinu. Í tillögu að samkomulagi sveitarfélaganna um undirbúning og innleiðingu hágæða almenningsamgangna á höfuðborgarsvæðinu sem nú er til umfjöllunar og afgreiðslu hjá aðildarsveitarfélögum kemur m.a. fram að sveitarfélögin munu binda legu Borgarlínu þegar hún liggur fyrir. Það er því mikilvægt að endanlegar tillögur ferli endurskoðunar aðalskipulags Garðabæjar og einnig að áhrif þeirra á umhverfið sé metið með samsvarandi hætti í öllum sveitarfélögum.

Meginstofnvegir, flokkun og útfærsla. Í svæðisskipulaginu kemur fram að

ofanbyggðavegur verði meginstofnvegur og því fellur hann undir þessa skilgreiningu. Mikilvægt er að svæðisskipulagsnefnd fjalli um þá tillögu að útfærslu ofanbyggðavegar sem birtist í tillögunni.

*Niðurstaða:*

*Svæðisskipulagsnefnd hvetur Garðabæ að nýta sameiginlegar spár um þróun mannfjöldans á höfuðborgarsvæðinu sem forsendu í sínu aðalskipulagi.*

*Svæðisskipulagsnefnd lýsir yfir ánægju sinni með að Garðabær sýni legu Borgarlínu og staðsetningu stöðva á tillögunni. Nefndin telur mikilvægt að þær tillögur sem eru að mótast um legu Borgarlínu á öllu höfuðborgarsvæðinu skili sér í aðalskipulag Garðabæjar.*

*Svæðisskipulagsnefnd telur mikilvægt að áður en tillagan sé auglýst verði útfærsla ofanbyggðavegur tekin sérstaklega fyrir á sameiginlegum fundi sveitarfélaganna og Vegagerðarinnar.*

#### **4. Hafnarfjörður – aðalskipulagsbreyting / málsnr. 1611002**

Auglýst tillaga skv. 31. gr. skipulagslaga. Með breytingunni er verið að innleiða vatnsvernd svæðisskipulags höfuðborgarsvæðisins 2015-2040 í aðalskipulag Hafnarfjarðar 2005-2025. Fyrirliggur umsögn svæðisskipulagsstjóra þess efnis að breytingarnar séu í fullu samræmi við svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins.

*Niðurstaða:*

*Svæðisskipulagsnefnd gerir ekki athugasemdir við auglýsta tillögu að breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2005 – 2025 þar sem verið er að innleiða vatnsvernd svæðisskipulags höfuðborgarsvæðisins.*

#### **5. Reykjavík, aðalskipulagsbreyting, stefna í íbúðarbyggð / málsnr. 1611003**

Verkefnislýsing fyrir óverulega breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 2010 - 2030. Með breytingunni er annars vegar verið að lagfæra augljós mistök í framsetningu stefnu og hins vegar að skýra stefnu um uppbyggingu smáíbúða sem ekki kallar á breytingar á aðalskipulagi.

*Niðurstaða:*

*Svæðisskipulagsnefnd gerir engar athugasemdir við verkefnislýsingu fyrir breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur.*

#### **6. Reykjavík, aðalskipulagsbreyting miðborgin / málsnr. 1602003**

Tillaga á vinnslustigi skv. 2. mgr. 30. gr. skipulagslaga. Markmið aðalskipulagsbreytingarinnar er að setja ákveðnari og skýrari ákvæði varðandi þróun og uppbyggingu ferðaþjónustu í miðborginni. Settar eru ákveðnar takmarkanir á uppbyggingu hótela og gististaða í miðborgarkjarnanum (M1a).

Það svæði miðborgarinnar sem um ræðir er innan landskjarna eins og hann er skilgreindur í svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins. Í töflu 2 (viðmið um einkenni kjarna) er lögð áhersla á að á miðkjarna sé fjölbreytt atvinnustarfsemi, þjónusta og íbúðir. Það er því í fullu samræmi við áherslur svæðisskipulags að Reykjavíkurborg setji ákvæði sem sporni við einsleitri uppbyggingu í miðborgarkjarnanum.

*Niðurstaða:*

*Svæðisskipulagsnefnd gerir ekki athugasemd við tillögudrögin. Miðborgin er hluti af landskjarna sem skilgreindur er í svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins. Að mati nefndarinnar er fyrirhuguð breyting sem á að sporna við einsleitri uppbyggingu í landskjarnanum í góðu samræmi við áherslur svæðisskipulagsins um að starfsemi í landskjarna sé fjölbreytt.*

#### **7. Önnur mál**

Rætt um stöðu húsnæðismála á höfuðborgarsvæðinu. Lagt til að á næsta fundi verði farið yfir framgang þróunaráætlunar höfuðborgarsvæðisins 2015-2018 og óskað eftir innleggi fulltrúa Mannvirkjaráðs Samtaka iðnaðarins um stöðu húsnæðismarkaðarins.

Næsti fundur svæðisskipulagsnefndar verður föstudaginn 16. desember kl. 11:00.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 15:30.